

Reykjavík, 2. desember 2002

Nefnarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Á fundi í stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans (RH) sem haldinn var 26. nóvember voru tekin til umræðu frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (mál 357), Vísinda- og tækniráð (mál 336) og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins (mál 345).

Stjórn RH fagnar þessum frumvörpum og telur að með samþykkt þeirra séu líkur á að vísindarannsóknum og tækniþróun á Íslandi verði komið í farveg sem leiði til bættis árangurs miðað við það sem nú er. Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvörpin nema við 3. gr. frumvarps til laga um Vísinda- og tækniráð (mál 336). Sú grein, eins og hún stendur, skapar óvissu um hvort tilætlaður árangur náist með samþykkt Alþingis á lagafrumvörpunum. Þar sem tími er mjög skammur til að koma á framfæri athugasemdum, taldi stjórnin rétt að koma fyrst og fremst með almennar athugasemdir við nefnda grein.

Í þjóðfélagi sem hefur mjög takmarkaða rannsóknarhefð eins og á Íslandi skiptir meginmáli að í ráðið veljist, auk ráðherra, einstaklingar sem allt í senn hafa stundað rannsóknir með árangri, hafa reynslu af stjórnun rannsóknarverkefna, af stjórnun almennt og reynslu af hagnýtingu á rannsóknarniðurstöðum. Veljist slíkir einstaklingar ekki í ráðið með ráðherrum er við því að búast að umræða og tjáskipti í ráðinu um rannsóknir verði á skjön við eðli þeirra og gildi. Nauðsynlegt er að breyta 3. gr. þannig að skýrt sé kveðið á um faglegar kröfur til þeirra sem í ráðið eru tilnefndir og er það lagt til hér. Til vara er lagt til að tilnefningar skuli rökstuddar, þannig að fyrsta setning 3. gr. hljóðaði svo: "Forsætisráðherra skipar 14 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt rökstuddum tilnefningum eftirtalinna aðila:"

Í 3. gr. er m.a. kveðið á um að samstarfsnefnd háskólastigsins skuli tilnefna fjóra fulltrúa í Vísinda- og tækniráð, Alþýðusamband Íslands tvo og Samtök atvinnulífsins tvo. Það er vissulega órökrétt að samstarfsnefnd háskólastigsins skuli tilnefna fjóra fulltrúa. Það getur heldur ekki talist eðlilegt að Alþýðusamband Íslands skuli tilnefna tvo fulltrúa en ýmis stéttarfélög sem málið varða ekkert síður eins og stéttarfélög lækna, verkfræðinga, náttúrufræðinga og háskólakennara svo dæmi séu tekin hafi ekki rétt til tilnefninga.

Virðingarfyllst,

Stefán Arnórsson



formaður stjórnar RH